# Galdrakver komið út


Galdrakver

**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur endurprentað *Galdrakver – ráð til varnar gegn illum öflum þessa og annars heims*. Galdrakverið, sem var gefið fyrst út árið 2004, hefur að geyma ljósprent af einu yngsta skinnhandriti sem varðveist hefur, en það er frá því um 1670. Handritið er eitt mjög fárra galdrahandrita sem varðveist hafa frá sjálfri galdraöldinni.**

**Með ljósprentinu af skinnhandritinu fylgir bók með stafrétta útgáfu þess og texta á nútímastafsetningu. Lesendum ætti því að vera auðvelt að afla sér þess fróðleiks sem handritið hefur að geyma. Textinn er ennfremur þýddur á dönsku,**




## Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Kvikmyndatónlistarveisla Fim. 20.01. kl. 19.30**

**Hljómsveitarstjóri:** *Benjamin Shwartz*

*Kvikmyndatónlist eftir Erich Korngold, Nino Rota, Bernard Herrmann, Jonny Greenwood og fleiri, m.a. úr myndunum Guðfaðirinn, Cinema Paradiso, Psycho, Planet of the Apes, ásamt syrpu með vinsælustu lögunum úr James Bond-myndunum.*

**Myrkir músíkdagar Fim. 27.01. kl. 19.30**

**Hljómsveitarstjóri:** *Daníel Bjarnason*
**Einleikari:** *Rúnar Óskarsson*
**Einleikari:** *Sigrún Eðvaldsdóttir*

**Daníel Bjarnason:** *Birting*
**Finnur Torfi Stefánsson:** *Fiðlukonsert*
**György Ligeti:** *Atmosphères*
**Steingrímur Rohloff:** *Klarínettkonsert*

**Miðasala í Háskólabíói** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is


# Tónlaukar framtíðar

**TÓNLIST**
RÍKARÐUR Ö. PÁLSSON



Háskólabíó
**Sinfóníutónleikar★★★⯪☆**

**Ungir einleikarar. Óperuaríur eftir Mozart, Bellini og Händel. Chopin: Píanókonsert nr. 1*. Gershwin: Rhapsody in Blue**. Andri Björn Róbertsson bassabarýton, Jane Ade Sutarjo píanó* og Birgir Þórisson píanó**. Sinfóníuhljómsveit Íslands u. stj. Bernharðs Wilkinson. Fimmtudaginn 13. janúar kl. 19:30.**


**Ungu einleikararnir „... reyndist upplifun kvöldsins að vonum hið virkasta móteitur við alræmdum skammdegisdrunga," segir rýnir um tónleikana.**

Þrálátt hávaðarokið á suðvesturhorninu hvatti ekki beinlínis til tónleikasóknar sl. þórsdagskvöld. Engu að síður var aðsóknin að slöku og brátt óþörfu fellingahöllinni við Hagatorg (hver telur nú ekki dagana þar til „Harpa syngur hörpuljóð á hörpulaufið gráa"?) vonum framar.

Enda reyndist upplifun kvöldsins að vonum hið virkasta móteitur við alræmdum skammdegisdrunga. Fátt er jafnörvandi og frumraun ungra sólista – vel að merkja ungmenna sem eiga jafnaugljóst erindi við beztu tónlist allra tíma og hér varð raunin. Því sigurvegararnir þrír úr einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitarinnar og Listaháskóla Íslands áttu það allir sammerkt að bera með sér heyranlegar væntingar um frækinn frama á kröfuharðasta sviði listrænnar tóntjáningar. Jafnframt var fróðlegt að lesa umsagnir þeirra um verk og höfunda í tónleikaskrá, er sögðu einnig sitt um flytjendur.

Fóru hér réttnefndir „tónleikar sem áhugamenn um framtíð íslenskrar tónlistar láta sig ekki vanta á" eins og sagði í kynningu SÍ. Má í því sambandi aðeins vona að takist að örva tímgun nýrra *hlustenda* til samræmis við undraverða fjölgun hljómlistarmanna hin síðari ár – einkum með hliðsjón af 1.800 sæta hljómleikahöllinni við gömlu höfnina.

Andri Björn Róbertsson reið á vaðið með tvær óperuaríur, *Vi ravviso* úr „La sonnambula" Bellinis og *Leave me, loathsome Light* úr „Semele" eftir Händel. Fyrst eftir hlé tók hann síðan tvær Mozartaríur, *Ein Mädchen oder Weibchen* („Töfraflautan") og *Madamina!*, „Katalóg"- eða Kvennatalsaríu Leporellos úr „Don Giovanni".

Sérstaklega hreif mig lágstemmd aría svefnguðsins úr óþarflega óþekktri óperu Händels (1744), er flíkaði fantagóðu úthaldi og heillandi næmi fyrir upprunanálgun. Seinna bættist við það kostuleg leiktjáning í Mozart – ofan á auðheyrðan bráðþroska í raddbeitingu – að hlaut að staðfesta eitthvert efnilegasta talent sem ég man eftir hjá jafnungum söngvara. Með auknum krafti og reynslu má þar óhikað búast við miklu.

Þar næst réðst hin Indónesíuættaða Jane Ade Sutarjo á krefjandi 1. Píanókonsert Chopins í e-moll frá 1830 og stóðu þar óbrigðul tækni hennar og áferðarfegurð vissulega fyrir sínu. Hins vegar fannst mér vanta frjálslegri mótun – og sérstaklega líflegra skap, meiri dramatík, dýpri dýnamík og hvassari rytma. Þótt *það* kunni að koma til síðar hljómaði meðferðin að svo stöddu líkt og einsleitt krem úr túpu – og fyrir vikið stundum svæfandi.

Fyrsta fullheppnaða „crossover"-samblandsverk tónbókmennta á milli djass og klassíkur, *Rhapsody in Blue* Gershwins, var í píanóeinleikshöndum Birgis Þórissonar. Þessi dæmalausa erkiamerííska tónsmíð frá 1923 skartaði hákrómuðum Manhattanglaumi sínum í glampandi vel upplagðri túlkun SÍ og Birgis, er sýndi kitlandi innsæja tilfinningu fyrir jafnt vestrænu stórborgarháði gagnvart gömlum meisturum sem kankvísri glettni í rúbatómótun. Þótt ekki væru allar fingurbrjótarunur með öllu óaðfinnanlegar var tónvísin samt augljós, og Bernharður Wilkinson og SÍ studdu hér sem fyrr einleikarann af hvetjandi tillitssemi.

# Samtíningur Errós

Í dag klukkan 17 verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, sýning á verkum eftir Erró sem kölluð er *Samtíningsverk/Þrívíddarsamklipp*. Hún er einskonar framhald af sýningunni *Erró-Samklipp* sem nú stendur einnig yfir í Hafnarhúsinu.

Samtíningsverk, sem eru einskonar þrívíddarsamklipp, birtast fyrst í list Errós í myndaröðinni *Mécamasks* (Vélgrímur) frá 1959 og í leikmyndinni fyrir *Concerto mécanique pour la folie ou La Folle Mécamorphose* (Vélkonsert fyrir klikkunina eða hin klikkaða vélmyndbreyting) frá 1962-1963 eftir Éric Duvivier. Þessi verk eru sett saman úr tilbúnum gripum og úrgangi borgarsamfélagsins. Þau sýna vilja listamannsins til að endurnýja tengslin við hversdagsleikann og gera listinni kleift að nálgast lífið enn frekar.


**Leikmynd** Verk sem Erró gerði fyrir konsert Duviviers.


## Borgarleikhúsið

568 8000 – borgarleikhus.is – midasala@borgarleikhus.is

**Elsku barn - „Snertir mann inn í kviku", B.S. pressan.is**



### Ofviðrið (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 21/1 kl. 20:00 7.k U | Sun 30/1 kl. 20:00 8.k U | Sun 20/2 kl. 20:00 U |
| Þri 25/1 kl. 20:00 U | Fim 3/2 kl. 20:00 9.k U | Fim 3/3 kl. 20:00 Ö |
| Mið 26/1 kl. 20:00 U | Fim 10/2 kl. 20:00 10.k U | Fim 10/3 kl. 20:00 Ö |

Ástir, átök og leiftrandi húmor

### Fjölskyldan (Stóra svið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 23/1 kl. 19:00 Ö | Lau 5/2 kl. 19:00 aukas | Sun 27/2 kl. 19:00 aukas |
| Lau 29/1 kl. 19:00 Ö | Fös 11/2 kl. 19:00 aukas | |
| Fös 4/2 kl. 19:00 auka Ö | Lau 19/2 kl. 19:00 aukas | |

"Stjörnuleikur sem endar með flugeldasýningu", BS, pressan.is

### Jesús litli - leikferð (Hof - Hamraborg)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 20/1 kl. 19:00 Ö | Fim 20/1 kl. 21:00 U | |

Sýnt í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í samstarfi við LA

### Faust (Stóra svið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 20/1 kl. 20:00 U | Fös 28/1 kl. 20:00 aukas U | Sun 13/2 kl. 20:00 aukas |
| Lau 22/1 kl. 20:00 U | Sun 6/2 kl. 20:00 aukas Ö | Fös 18/2 kl. 20:00 aukas Ö |
| Fim 27/1 kl. 20:00 aukas Ö | Lau 12/2 kl. 20:00 aukas Ö | |

Aukasýningar vegna fjölda áskorana

### Elsku Barn (Nýja Sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 21/1 kl. 20:00 3.k U | Sun 30/1 kl. 20:00 6.k U | Mið 9/2 kl. 20:00 |
| Þri 25/1 kl. 20:00 4.k U | Mið 2/2 kl. 20:00 Ö | Fim 10/2 kl. 20:00 |
| Mið 26/1 kl. 20:00 5.k U | Fim 3/2 kl. 20:00 Ö | |

Nístandi saga um sannleika og lygi

### Afinn (Litla sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 20/1 kl. 20:00 5.k U | Sun 23/1 kl. 20:00 8.k U | Lau 29/1 kl. 19:00 Ö |
| Fös 21/1 kl. 19:00 6.k U | Mið 26/1 kl. 20:00 9.k U | Lau 29/1 kl. 22:00 Ö |
| Fös 21/1 kl. 22:00 aukas | Fim 27/1 kl. 20:00 10.k U | Sun 30/1 kl. 20:00 U |
| Lau 22/1 kl. 19:00 7.k U | Fös 28/1 kl. 19:00 11.k U | |
| Lau 22/1 kl. 22:00 aukas | Fös 28/1 kl. 22:00 aukas | |

Óumflýjanlegt framhald Pabbans

### Nýdönsk í nánd (Litla svið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 9/2 kl. 20:00 frums U | Mið 16/2 kl. 20:00 3.k U | Fim 24/2 kl. 20:00 5.k Ö |
| Fim 10/2 kl. 20:00 2.k Ö | Mið 23/2 kl. 20:00 4.k | Fös 25/2 kl. 20:00 6.k U |

Sáldrandi brjáli sem aldrei fyrr

### Skoppa og Skrítla á tímaflakki (Litla svið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 22/1 kl. 14:00 | Sun 30/1 kl. 14:00 | |
| Sun 23/1 kl. 14:00 | Lau 5/2 kl. 14:00 | |

Bestu vinkonur allra barna

## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

SÍMI: 551 1200 • WWW.LEIKHUSID.IS



### Sindri silfurfiskur (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 6/3 kl. 13:00 | Sun 6/3 kl. 14:30 | |

Sýningar að hefjast á ný! Miðasala hafin.

### Gerpla (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 20/1 kl. 20:00 U | Mið 26/1 kl. 20:00 Aukasýn. Ö | Sun 30/1 kl. 20:00 Síð.sýn. U |

Sýning ársins. I.Þ Mbl. Aukasýning 26. jan. komin í sölu!

### Fíasól (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 23/1 kl. 13:00 Ö | Sun 30/1 kl. 13:00 | |
| Sun 23/1 kl. 15:00 Ö | Sun 30/1 kl. 15:00 Allra síð.sýn | |

Yfir 100 sýningar. Allra síðustu sýningar 30. janúar!

### Hænuungarnir (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 20/1 kl. 20:00 U | Lau 22/1 kl. 20:00 Aukasýn. Ö | Sun 23/1 kl. 20:00 Síð.sýn U |
| Lau 22/1 kl. 20:00 U | Sun 23/1 kl. 17:00 Allra síð.sýn. U | |

Aukasýning 22.jan. kl. 17:00 komin í sölu. Allra síðasta sýning!

### Íslandsklukkan (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 22/1 kl. 19:00 U | Fös 4/2 kl. 19:00 Ö | Fös 18/2 kl. 19:00 |
| Sun 23/1 kl. 19:00 U | Lau 5/2 kl. 19:00 Ö | Lau 19/2 kl. 19:00 |
| Lau 29/1 kl. 19:00 Ö | Mið 9/2 kl. 19:00 Ö | |

Sýningum fer fækkandi. Ath! Sýningarnar hefjast kl. 19:00

### Lér konungur (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 21/1 kl. 20:00 8.sýn. Ö | Fös 28/1 kl. 20:00 Ö | Lau 12/2 kl. 20:00 Ö |
| Fim 27/1 kl. 20:00 U | Fös 11/2 kl. 20:00 Ö | Fim 17/2 kl. 20:00 |

Magnaður leiksigur. B.S Pressan

### Ballið á Bessastöðum (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 3/2 kl. 18:00 U | Sun 20/2 kl. 14:00 Ö | Sun 6/3 kl. 17:00 |
| Sun 6/2 kl. 14:00 Ö | Sun 20/2 kl. 17:00 | Sun 13/3 kl. 14:00 |
| Sun 6/2 kl. 17:00 Ö | Sun 27/2 kl. 14:00 Ö | Sun 13/3 kl. 17:00 |
| Sun 13/2 kl. 14:00 Ö | Sun 27/2 kl. 17:00 | Sun 20/3 kl. 14:00 |
| Sun 13/2 kl. 17:00 | Sun 6/3 kl. 14:00 Ö | |

Gerður Kristný og Bragi Valdimar!

## Leikfélag Akureyrar

Miðasölusími: 4 600 200, netfang: midasala@leikfelag.is



### Rocky Horror (Hamraborg)

| | |
|---|---|
| Fös 11/2 kl. 20:00 24.sýn | Lau 19/2 kl. 20:00 26.sýn Ö |
| Lau 12/2 kl. 20:00 25.sýn | Fös 25/2 kl. 20:00 27.sýn |

Sýningin er ekki við hæfi barna

### Jesús litli (Hamraborg)

| | |
|---|---|
| Fim 20/1 kl. 19:00 7. sýn. Ö | Fim 20/1 kl. 21:00 8.sýn Ö |

### Villidýr og pólitík (Samkomuhúsið)

| | |
|---|---|
| Fös 28/1 kl. 20:00 1.syn | Lau 29/1 kl. 20:00 2.syn Ö |

Aðeins 2 sýningar